
Afli, aflaverðmæti, hlutur smábáta

Fiskveiðiárið 2010 / 2011


Heildarafli smábáta varð 70 þúsund tonn, mest þorskur 39.039 tonn, ýsa 14.087 tonn, steinbítur 5.167 tonn og ufsi 4.066 tonn.

Afli smábáta fiskveiðiárið 2010/2011



Heildaraflaverðmæti smábáta voru 23 milljarðar sem gefur af sér 46 milljarða í útflutningsverðmæti. Til samanburðar var heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða 2010, 220 milljarðar. Sérstaklega skal vakin athygli á hversu þorskurinn er okkur dýrmætur en hann skilaði 72 milljörðum eða um þriðjungi alls útflutningsverðmæti sjávarafurða á árinu 2010.

Útflutningsverðmæti



Áður en skilið verður við þessar tölur er rétt að vekja athygli á hlut smábáta í heildarafla helstu tegunda á fiskveiðiárinu. Þorskafli trillukarla var 22%, ýsuafli 27% og steinbíturinn 44%.

